

**3510. fundur bæjarráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,
6. október 2022 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Líf Lárusdóttir formaður bæjarráðs, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1. 2207107 - Fjárhagsáætlun 2023 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2024-2026

Áframhaldandi vinna við gerð fjárhagsáætlunar.

Kristjana Helga Ólafsdóttir, deildarstjóri fjármála- og launa situr fundinn undir þessum lið.

Áframhaldandi vinna við fjárhagsáætlun verður á næsta fundi bæjarráðs.

Samþykkt 3:0

2. 2209259 - Stefnumótun Akraneskaupstaðar

Í erindinu eru lögð fram drög að samningi við KPMG um aðstoð við mótun heildarstefnu Akraneskaupstaðar ásamt drögum að erindisbréfi fyrir stýrihóp verkefnisins.

Á bæjarstjórnarfundi 7. júní sl. var bæjarstjóra falið að vinna erindisbréf vegna fyrirhugaðrar stefnumótunarvinnu bæjarstjórnar Akraness vegna tímabilsins 2022 - 2026.

Lagt fram.

Á fundi bæjarráðs þann 30. september síðastliðinn var bæjarstjóra falin frekari úrvinnsla málsins og leggja það að nýju fyrir næsta fund bæjarráðs sem verður þann 6. október næstkomandi.

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi erindisbréf stýrihóps um stefnumótun Akraneskaupstaðar og samning við KPMG um verkefnið.

Ráðstöfunin er færð á lið 21010-4390 og er mætt af liðnum 20830-4980.

Bæjarráð vísar málinu til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar samþykktar.

Samþykkt 3:0




3. 2202071 - Fjöliðjan Smiðjuvellir 28 - leigusamningur

Velferðar- og mannréttindaráð leggur til við bæjarráð að út frá þarfagreiningu stjórnenda Fjöliðjunnar verði stærð fyrirhugaðs rýmis sem leigja á að Smiðjuvöllum 28 fyrir vinnustað Fjöliðjunnar endurskoðað.

Sveinborg Kristjánsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindaráðs/félagsmálastjóri situr fundinn undir þessum lið.

Bæjarráð samþykkir að þörf er fyrir rýmisaukningu á Smiðjuvöllum 28 vegna leigu að Smiðjuvöllum fyrir starfsemi Fjöliðjunnar sbr. fyrirbyggjandi gögn.

Samþykkt 3:0

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:30.

Lif Lárusdóttir

Valgerður J.

Ragnar Samundsson

Steinn Stefnar